

## FFGÍR hugmyndir fyrir Ljósanótt 2020

1. Graffiti spreng námskeið fyrir börn og unglinga - sýna verk á Ljósanótt
  - Þar sem farið er í tækni, form og fleira og listaverk kláruð t.d. á pappa eða striga
  - Marlon Pollock hefur verið áður með námskeið á listahátíð barna í annarri graffiti útfærslu þar sem veggir voru notaðir.
  - Var hann hagstæður í verði en þarf að setja skýran ramma um markmið námskeiðs.
2. Ritlist, bókasafnið - gætu skrifað sögu um ævintýri á Suðurnesjum, þetta gæti verið á námskeiði í sumar hjá Fjörheimum, sögurnar síðan til sýnis á Ljósanótt.
  - Námskeiðið gæti verið í formi skapandi skrifa eða jafnvel skapandi ljóðlistar.
  - Ýmislegt er hægt að finna í formi þess er kemur að skapandi skrifum og má hugsa það frekar.
  - Rithöfundar hafa verið að auglýsa svona námskeið fyrir fullorðna.
3. Ljósmyndanámskeið, útivera, taka myndir og skrifa um þær, búa til ljósmyndasýningu á Ljósanótt sem væri í 88 húsinu.
  - Þar sem námskeiðshaldarar hvetja til náttúruíðkunar og þeirrar andlegu hreinsunar sem fylgir því.
  - Kenna á ljósop, birtu, og hvernig hægt er að taka myndir á fjölbreyttan hátt frá ólíkum sjónarhornum (sama hlutinn) og opna því huga barnanna fyrir ólíkum nálgunaraðferðum.
  - Jafnvel úrvinnslu mynda og framköllun ef aðstaða fæst.
4. Kassabílanámskeið/ Kassabílarallý í Fjörheimum / Ljósanótt. Gera uppskrift að því hvernig gera á kassabíl, smíða hann, mála hann og græja. Á Ljósanótt væri svo kassabílasýning eða keppni (ATH nota efnivið frá kofabyggð sem væri haldin fyrir um sumarið)
  - Jafnvel að vera á kofabyggðarsvæðinu svo ekki sé verið að flytja timbur á milli staða.
  - Vera í samstarfi við Kölku með efnivið eins og reiðhjóladekk eða annan efnivið sem hægt er að endurnýta í þessa vinnu.
  - Einnig má skoða dekkjaverkstæðin með samvinnu.
5. Leikfanga- og fatamarkaður barna í Fjörheimum á Ljósanótt
  - Gefa börnum tækifæri til að selja og gleðja aðra með leikföngum sínum og fatnaði og skapa því enn frekara tækifæri til endurnýtingar.
  - Jafnvel hægt að hafa þetta í skottasölu (í bíl) ef lítið er um húsnæði til afnota.
  - Fyrst og fremst að skapa aðstöðuna eða svæðið og börn ásamt foreldrum geta nýtt sér tækifærið / aðstöðuna.
6. Hljómsveitakeppni- Bílskúrsbandakeppni ungu kynslóðarinnar
  - Hvetja hljómsveitir af Suðurnesjum til að koma með frumsamið efni og hafa það á sama stað og kjötsúpan var í fyrra (Bústoðar svið)
  - Væri gaman að hafa viðurkenningar til þessara hljómsveita til eflingar tónlistar unga fólksins.
  - Jafnvel að velja björtustu von Ljósanætur 2020 og gefa þeim jafnvel tækifæri til að spila á stóra sviðinu á laugardagskvöldinu.
  - Jafnvel farandsbikar/-styttu eða annað með nafni hljómsveitarinnar og gera þetta því að árlegum viðburði.

7. Bílabíó – fjölskyldubíó
  - Varpa upp á vegg t.d. 88 Húsið með myndvarpa
  - Hljóði er hægt að ná í gegnum útvarpstíðni.
  - Jafnvel hægt að ná samstarfi við Sambíóin og bjóða þeim að selja popp og gos á staðnum.
  
8. Mæðgnakvöld í Vatnaveröld – brúa bilið á milli kynslóða
  - Styðja og stuðla að styrkingu mæðgnabandanna
  - Stúlkan, mamman, amman og jafnvel langamman koma saman í potta- og sundlaugarskemmtun þar sem þær setja á sig maska, næturkrem
  - Snyrtivörukynning, lýðheilsa gerð skemmtileg með leikjum, kynningar og skemmtun
  - Jafnvel tónlistaratriði frá mæðgum í Reykjanesbæ.
  
9. Feðgakvöld í Vatnaveröld – brúa bilið á milli kynslóða
  - Svipað og hjá mæðgum
  - Jafnvel sundlaugakeppni í íþróttum, koddaslagur og fleira
  - Annað sem stuðlar að styrkingu kærleiksbandanna
  
10. Kahoot – í fjölskyldubíó þema t.d. í Stapa
  - Samstarf við Rokksafnið og Hljómahöll
  - Popp og rokksagan og/eða bæjarfélagið
  - Efstu 3 sætin fá verðlaun og hægt að keppa í liðum
  - Vinahópar, fjölskyldur, skólahópar, saumaklúbbar
  - # má jafnvel hafa tvískipt, fjölskyldu og fullorðins
  
11. Fjölskylduratleikur um helstu staði Reykjanesbæjar
  - Hvati til hreyfingar og samvistar við fjölskylduna
  - Lausnarorð gefur lítinn vinning t.d. aðgang i Rokksafnið fyrir fjölskylduna (eitthvað sem þarf ekki að kosta bæjarfélagið það mikið).
  - Þeir staðir sem hægt væri að hafa stopp geta verið t.d. menningarlistaverk, minnisvarðar, vitinn, skessan, sundlaugin, bókasafnið og fleira.
  - Mögulega að vinna þetta með bókasafninu.
  
12. Hreysti BINGÓ – einstaklinga, vinnustaða eða fjölskyldna
  - Gaman að hafa það jafnvel á rafrænu formi
  - Verkefnið væru í áskorunarformi sem er hvetjandi og skemmtilegt
  
13. Ljósanæturmaraðon – fjölskylduhluti. Gaman væri að gefa fólki tækifæri til að safna áskorunum og fjármagni svipað og í Reykjavíkurmaraðoni. Fullt af börnum og fjölskyldum sem fara og hlaupa í hinum ýmsu maraðonum um allt land.
  - Hlaupa með ljós, endurskin, klæðast litríku eða annað skemmtilegt, jafnvel búningakeppni.
  - 10 km. Hefur verið vegalengd ljósanæturmaraðons en gaman væri að gera meira.
  - 5 km fyrir þá sem eru að stíga sín fyrstu hlaupaskref
  - 2 km fjölskyldumaraðon